

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað að lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilum veldur, kr. 300.00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

IV. KAFLI

13. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. desember 1973. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykjavíkur nr. 84 12. mars 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 29. nóvember 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

4. desember 1973.

Nr. 374.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI

GILDISSVIÐ

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

II. KAFLI

HEIMTAUGARGJÖLD

2. gr.

Heimtaugargjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

| | Jarðstrengur | | Loftlína | |
|----------|-----------------|---------------------|-----------------|--------------------------|
| | stofngj. kr. | lengdargj. kr./m | stofngj. kr. | lengdargj. kr./stólpa |
| 1. 25 A | 1-fasa | | 7 440 | 8 682 |
| 2. 60 A | — | 1 697 | 749 | 8 682 |
| 3. 100 A | — | 1 697 | 898 | 11 161 |
| 4. 25 A | 3-fasa | | 8 682 | 9 918 |
| 5. 60 A | — | 1 697 | 898 | 11 161 |
| 6. 100 A | — | 5 140 | 1 022 | 14 881 |
| | | | | 15 500 |

| | | | Jarðstrengur | | Loftlína | |
|-----|---------|--------|-----------------|---------------------|-----------------|--------------------------|
| | | | stofngj. kr. | lengdargj. kr./m | stofngj. kr. | lengdargj. kr./stólpa |
| 7. | 200 A | 3-fasa | 17 672 | 1 551 | 29 762 | 18 602 |
| 8. | 300 A | — | 71 596 | x | | |
| 9. | 150 kVA | — | 82 125 | x | | |
| 10. | 300 kVA | — | 164 250 | x | | |
| 11. | 500 kVA | — | 273 749 | x | | |
| 12. | 800 kVA | — | 437 999 | x | | |

A merkir málstraum (amper) vara í stofnvarkassa (eða stofnvara innan við stofntengikassa).

kVA merkir málraun (kilovoltamper) spennis, þegar um sérspennistöð er að ræða.

x Greiðist skv. kostnaði.

3. gr.

- 3.1. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum (m) frá lóðarmörkum eða næsta útítengikassa að stofnvarkassa (eða stofntengikassa) hússins. Lengdargjald (kr./m) greiðist skv. töflu í 2. gr. Rafmagnsveitan ákveður legu heimtaugarinnar.
- 3.2. Sjái húseigandi, á eigin kostnað, um lög्न frá útítengikassa eða rofa í spennistöð að eigin stofntengikassa eða töflu, greiðir hann aðeins stofngjald skv. töflu í 2. gr. og annast sjálfur viðhaldið.
- 3.3. Fyrir loftlínuheimtaugar greiðist lengdargjald skv. töflu í 2. gr., ef setja þarf sérstaka stólpa vegna fjarlægðar eða afstöðu stofnkassa til notandalínu.
- 3.4. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda.
- 3.5. Í byggingahverfum, sem sérstaklega eru skipulögð sem ein heild, er Rafmagnsveitunni heimilt að jafna lengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauga.
- 3.6. Þegar loftlínuheimtaug (aðalheimtaug) er breytt í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar jarðstrengsheimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Þegar breytingar af þessu tagi fara fram í heilum hverfum, er heimilt að jafna gjöldunum niður á húseigendur.

4. gr.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í þágu hans, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina Rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum Rafmagnsveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

5. gr.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

III. KAFLI MÆLALEIGA

6. gr.

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem notuð eru á hverjum stað í sambandi við sölu á raforku.

Ársleiga eftir mælitæki skal vera sem hér segir:

| Tegund mælitækis | Upp að 30 A kr. | 35—50 A kr. | 55—100 A kr. | Yfir 100 A kr. |
|--|--------------------|----------------|-----------------|-------------------|
| Einfasa kWh-mælar, hemilmælar og lausar skiptiklukkur einar sér | 116.40 | | | |
| Þrífasa kWh-mælar, þrífasa hemilmælar, einfasa frádráttarmælar, lausir | 257.70 | 432.30 | 498.90 | 831.40 |
| Tvígjaldsmælar, mestumælar | 432.30 | 498.90 | 789.90 | 1 263.80 |
| Rofar: | | | | |
| 1 × 10 A—2 × 30 A | 648.50 | | | |
| 3 × 15 A—3 × 60 A | 789.90 | | | |
| 3 × 100 A—3 × 350 A | 1 912.30 | | | |

Ársleiga eftir önnur mælitæki skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis, eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

Ekki skal greiða leigu eftir mæla, sem notaðir eru skv. 3. tl. 8. gr.

Leiga skal greidd samtímis gjaldi fyrir raforku.

IV. KAFLI SALA RAFORKU

7. gr.

Verð á raforku til lýsingar skal ákveðið sem hér segir:

- 7.1 Kr. 14.77 hver kWh, sem seld er um kWh-mæli.
- 7.2 Kr. 20 280.77 hvert árskilóvatt til útilýsingar, þótt mælitækjum verði ekki við komið, svo og raforku til götulýsingar, enda greiði þá notandi að auki stofn-
kostnað eða viðhaldskostnað að fullu, eftir ákvörðun Rafmagnsveitunnar.
- 7.3 Kr. 3.91 hver kWh, sem seld er um kWh-mæli. Auk þess ber þá að greiða fastagjald, er nemi kr. 2 028.07 á ári fyrir allt að 25 ferm. gólfplatarmáls rýmis þess, er lýsa skal og kr. 62 61 fyrir hvern ferm. umfram 25 ferm. Fyrir ganga og geymslur skal deila fermetragjaldinu með 3.5.
- 7.4 Kr. 4 201.99 hvert árskilóvatt, og öll notkun kr. 3.91 hver kWh ef um meira en 2.5 kW afl er að ræða og árlegur notkunartími meiri en 2 000 klst. Verði aflmælingu skv. þessum lið ekki beitt, skal reikna fyrir hvern fermetra gólf-
flatarmáls 15 wött á kr. 2 543.21 árskW. Sé notuð lýsing með flúrlömpum, er heimilt að miða gjald skv. 1.—4. tl. við voltamper í stað watta.

8. gr.

Verð á raforku til almennrar heimilisnotkunar skal ákveðið sem hér segir:

- 8.1 Raforka til ljósa um sérmæli skal seld skv. 1. tl. 7. gr., en raforka til heimilis-
véla um sérstakan mæli skal seld á kr. 3.68 hver kWh.
- 8.2 Heimilt er að selja raforku til notkunar í skrifstofum, verslunum og verkstæð-
um skv. lið 8.1.
- 8.3 Kr. 3.20 hver kWh, sem seld er um kWh-mæli, auk þess fastagjald kr. 309.55
á ári af hverju íbúðarherbergi.
- 8.4 Kr. 3.20 hver kWh, sem seld er um sérmæli til suðunotkunar í veitingahúsum,
gistihúsum og öðrum slíkum stöðum.
- 8.5 Kr. 3.20 hver kWh, sem seld er til súgþurrkunar á heyi.
- 8.6 Kr. 10 953.88 hver árskW, sem selt er um hemilmæli og auk þess kr. 3.00 hver
kWh fyrir umframnotkun. Hemilstilling skal vera minnst 500 wött, að við-
bættum 100 wöttum fyrir hvert íbúðarherbergi umfram tvö.
- 8.7 Kr. 10 953.88 hvert árskW, sem selt er um hemilmæli til notkunar í skrif-

stofum, verslunum og verkstæðum. Umframnotkun skal seld á kr. 3.00 og hemilstilling miðuð við 500 wött fyrir fyrstu 25 ferm. gólfplatar eða minna, og síðan 100 wött fyrir hverja 12 ferm. eða minna. Beita skal 3. tl. 7. gr. við ákvörðun gjaldsins. Ef óskað er hærri hemilstillingar en um getur í þessum tölulið, skal gjaldið vera kr. 20 280.77 hvert árskW.

- 8.8 Kr. 2.77 hver kWh, þegar orkan er seld sjúkrahúsum, heilsuverndarstöðvum, vistheimilum fyrir börn og elliheimilum. Taxti þessi tekur ekki til starfsmanna-bústaða þeirra, sem eru utan aðalbygginga viðkomandi stofnunar.

9. gr.

Verð á raforku til vélarekstrar skal ákveðið sem hér segir:

- 9.1 Kr. 7.37 hver kWh, sem seld er um kWh-mæli.
 9.2 Kr. 1 474.17 hvert uppsett árskW og öll notkun kr. 2.88 hver kWh.
 9.3 Ef raforka er seld um mestu-mæla fyrir mesta notað afl, skal greiða fyrir notkunina svo sem hér segir:
 Kr. 2 469.40 á árskW.
 Auk þess skal greiða kr. 1.26 fyrir hverja kWh.
 9.4 Kr. 7 999.88 fyrir hvert árskW, sem selt er um hemilmæli, og kr. 3.91 hver kWh, sem umfram er. Rafmagnsveitan ákveður stillingu hemilmælis hverju sinni. Raforku til hitunar í iðnaði má selja skv. þessum lið.
 9.5 Kr. 7.76 fyrir hverja kWh, sem seld er til vinnuvéla, vinnuljósa og annarra nota við húsbyggingar, meðan á framkvæmdum stendur.

10. gr.

Verð á raforku til hitunar skal ákveðið sem hér segir:

- 10.1 Kr. 1.55 hver kWh, seld um kW-mæli, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kWh á ári.
 10.2 Kr. 1.10 hver kWh (án söluskatts), sem seld er um kWh-mæli, ef straumur er rofinn allt að tveim klst. tvisvar á dag.
 10.3 Heimilt er að selja raforku til heimilisnota á kr. 1.19 hverja kWh (án söluskatts) en þá skal fastagjald vera kr. 3 075.26 á ári fyrir eins herbergis íbúð og kr. 1 413.59 að auki fyrir hvert herbergi, sem þar er fram yfir, allt að kr. 8 735.47 á ári.
 10.4 Kr. 1.34 hver kWh fyrir notkun til hitunar á neysluvatni, stóra kæliklefa og fyrir vatnsdælur í íbúðarhúsum.
 10.5 Kr. 0.79 hver kWh (án söluskatts), sem seld er um kWh-mæli, ef straumur er rofinn með klukkurofa í tvær klst. tvisvar á dag.
 10.6 Kr. 0.50 hver kWh (án söluskatts), sem seld er um kWh-mæli, ef straumurinn er rofinn með klukkurofa kl. 9—21, enda séu fyrir hendi nægilega stórir hitageymar til dagsnotkunar. Þegar um er að ræða hitun í húsrými, sem er stærra en 2000 rúmmetrar, eða aðra hliðstæða notkun á afli, er heimilt að láta raforku í té á tímanum kl. 12.30—15.30.
 10.7 Kr. 0.76 hver kWh, sem seld er um tvígjaldsmæla á tímabilinu kl. 22.00—9.00 og kr. 3.20 hver kWh, sem seld er á tímabilinu kl. 9.00—22.00.

11. gr.

Rafmagnsveitan má, með samþykki borgarráðs, selja raforku eftir sérstökum samningi.

Heimilt er að setja sérstök skilyrði um raforkusölu til ígripaotkunar fleiri en eins aðila um sama mæli, svo sem um hafnarskápa, og annars staðar, þar sem þess er talin þörf, þar með talið að krefjast fyrirframgreiðslu og tengigjalds. Rafmagns-

veitunni er heimilt að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá þeim notendum, sem kaupa orku samkv. aflgjaldskrá.

12. gr.

Borgarstjórn ákveður gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu.

13. gr.

Rafmagnsveitu Reykjavíkur er heimilt að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar samkvæmt hlutfallsgrundvelli, sem fæst úr síðasta ársreikningi Rafmagnsveitunnar, enda sé grundvöllurinn lagður fyrir stjórn veitustofnana borgarinnar til staðfestingar. Ef fyrirhuguð gjaldskrárhækkun nemur meira en 20% skal leita staðfestingar ráðherra.

Þættir þeir, sem tekið skal tillit til, eru: Orkukaup, verðjöfnunargjald, laun, vélakostnaður og efni. Gjaldskrárbreytingar samkv. framansögðu er heimilt að framkvæma allt að tvisvar á ári, jafnan miðað við 1. janúar og 1. júlí. Fyrirhugaðar gjaldskrárbreytingar skulu tilkynntar Orkustofnun, áður en þær taka gildi.

Telji Borgarstjórn Reykjavíkur nauðsyn á, að ráðstafanir séu gerðar til að draga úr rafmagnsnotkun, er henni m. a. heimilt að hækka rafmagnsverðið á notkun umfram meðalnotkun í hverjum gjaldskrárlið allt að 10-földu verði. Í útreikningi meðalnotkunar skal tekið tillit til orku- og aflþarfar.

14. gr.

Verð orku um hvern mæli reiknist í heilum krónum, þannig að færri aurum en 50 sé sleppt, en ella sé upphæðin hækkuð upp í næstu heila krónu.

V. KAFLI ÝMIS ÁKVÆÐI

15. gr.

Nú er notuð heimild til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda með greiðslu gjalda, skv. gjaldskrá þessari, og skal þá taka gjald, kr. 100.00, fyrir að setja straum á að nýju.

16. gr.

Ef í ljós kemur við skoðun, að notuð eru óleyfileg vör eða of stór, skal loka veitunni tafarlaust, og er ekki heimilt að opna hana að nýju, fyrr en notandi hefur greitt gjald, kr. 100.00, til Rafmagnsveitunnar.

17. gr.

Skilyrði fyrir sölu raforku til hitunar skv. 10. gr. eru þau, að vélaafl, götulinur og spennar þoli álagið að dómi rafmagnsstjóra, notandi kosti tengingu klukkurofa og búnaði öllum sé hagað skv. fyrirmælum rafmagnsstjóra.

18. gr.

Í útreikningi á fjölda herbergja í íbúð skal aðeins telja stofur og svefnherbergi o. þ. h., en ekki eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálf, en þar sem herbergjastærð fer fram úr 25 m² skal reikna hverja byrjaða 25 m² sem eitt herbergi. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m² má reikna með þeirri meðalstærð. Þegar heildartala herbergja hefur verið reiknuð út samkvæmt þessu, skal hún hækkuð upp í heila næstu tölu, ef stendur á hálfu.

19. gr.

Söluskattur 11% og 2% viðlagasjóðsgjald eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

20. gr.

Rafmagnsveitan leiðbeinir gjaldendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

21. gr.

Gjaldskrá þessa skal endurskoða í heild eigi síðar en að fimm árum liðnum.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að gilda frá og með 1. desember 1973 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 240 22. maí 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 4. desember 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Miðneshrepps og Rafveitu Grindavíkur.

I. RAFORKA

Rafveitur Miðneshrepps og Grindavíkur selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1. Um kWst.-mæli á kr. 16.50 hverja kWst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

A—2. Um kWst.-mæli á kr. 8.25 hverja kWst. auk fastagjalds, sem er kr. 50.00 á hvern fermeter gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 25.00 á ári af hverjum fermetra.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kWst.-mæli á kr. 3.75 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 37.00 á mánuði af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi og geymslur. Herbergi, sem minna er en 5 ferm., skal telja sem hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélanotkun o. fl.

C—1. Um kWst.-mæli á kr. 8.25 hverja kWst. Hafi vélnar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 4 615.00.

C—2. Vélanotkun til bráðabirgða um kWst.-mæli kr. 8.25 hverja kWst.

C—3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW:

- a) Um kWst.-mæli á kr. 1.37 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 4 615.00. Notað afl telst vera mesta meðalalag á árinu mælt yfir stundarfjórðung á kW.
- b) Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kWst.-mæli á kr. 1.37 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 4 365.00 á hvert kW í málaun uppsettra véla á árinu.